


VG blaðið



Saman til
framtíðar





Kæru félagar

Nú í upphafi nýs árs koma trúnaðarmenn hreyfingarinnar saman á flokksráðsfundi og marka stefnuna til framtíðar en fara líka yfir þann árangur sem hefur náðst á undanförunum árum. Hér í þessum litla bæklingi tökum við saman ýmsar þær vörður sem við höfum reist í okkar störfum – á sviði velsældar og jöfnuðar, mannréttinda og jafnréttismála, umhverfis- og náttúruverndar og annarra mikilvægra málaflokka sem við höfum sett á oddinn. Þessar vörður eru mikilvægar til að taka stöðuna en líka til að marka leiðina til framtíðar. Núna þurfum við í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði að gera það upp við okkur hvert við ætlum að stefna þegar langt er liðið á kjörtímabilið og styttist í kosningar.

Það er mín sýn að hreyfingin eigi áfram að vera framsækið afl og þannig þróa samfélagið til góða.

Samfélagsbreytingar sem orðið hafa á undanförunum árum kalla á að við mörkum okkur nýja stefnu – til að mynda hvað varðar mannréttindi og gervigreind, áhrif tæknibreytinga á vinnumarkaðinn, uppbyggingu menntunar og rannsókna og áhrif loftslagsbreytinga á samfélagið. Við þurfum að svara knýjandi spurningum – til dæmis hvernig við ætlum að þróa skóla og heilbrigðiskerfi á umbrotatímum, hvernig við ætlum að bregðast við því bakslagi sem við höfum séð bæði í mannréttinda- og jafnréttismálum og hvernig við tryggjum jöfnuð og samfélagslega samheldni? Áfram munu verða miklar og hraðar breytingar á samfélaginu – eitt af okkar mikilvægustu hlutverkum er að gæta að ungu fólki, gæta að fjölmenningu og tryggja að breytingarnar byggi á traustum grunni lýðræðis, jöfnuðar og öruggs samfélags.

Það er gott að líta um öxl áður en maður heldur af stað í nýja vegferð. Þar stöndum við nú og þar þurfum við öll að leggja hendur á plóg. Verkefnið er stórt: Hvernig við getum tryggt þau gildi sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð stendur fyrir í stjórnámum samtímans. Sameiginlega munum við ná árangri í því verkefni.

Katrín Jakobsdóttir

Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi

Hvað hefur gerst á sex árum?

Sótt fram í jafnréttis- og mannréttindamálum

- Þróunarverkefni um virðismat starfa til að vinna gegn kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum
- Mikilvægar lagabreytingar til að berjast gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi; þar á meðal um kynferðislega fríðhelgi, umsáturseinelti, barnaníðsefni, hatursorðræðu, mismunun, réttarstöðu brotþola og mansalsákvæði
- Sjálfstjórnarréttur kvenna tryggður með nýrri löggjöf um þungunarrof
- Tilraunaverkefni um kvennaheilsugæslu
- Lög um kynrænt sjálfræði
- Frumvarp um Mannréttindastofnun Íslands
- Vitundarvakning um hatursorðræðu 2024
- Ísland upp úr 18. sæti í 5. sæti á Regnbogakorti hinsegin fólks og í 1. sæti á réttindakorti trans fólks

Veigamiklar umbætur í gagnsæis- og lýðræðisátt

- Löggjöf styrkt með vernd uppljóstrara, heildar- endurskoðun upplýsingalaga, vörnum gegn hagsmunarárekstrum og skráningu raunverulegra eigenda
- Skattranssóknir efldar
- Nýjar aðferðir við almannasamráð – samráðsgátt stjórnvalda
- Aðgengi almennings aukið að stafrænni opinberri þjónustu í gegnum Ísland.is.
- Auðkenni – rafræn skilríki er nú í eigu ríkisins
- Nýjar siðareglur fyrir ráðherra samþykktar
- Unnið að heildstæðri endurskoðun stjórnarskrárinnar með frumvarpi árið 2021 og áframhaldandi vinnu á síðustu tveimur árum
- Mörk sett á eignarhald á landi með jarðalögum

Atvinnumál

Hvað hefur gerst á sex árum?

Stoðir landbúnaðar styrktar

- Fyrsta landbúnaðarstefnan samþykkt á Alþingi
- Tveimur milljörðum varið á næstu fjórum árum til að efla kornrækt
- Aðgerðaáætlun sem stefnir að tvöföldun byggræktarlands árið 2028
- 5,3 milljarðar í sérstakan stuðning við bændur vegna m.a. hækkana á áburðarverði með sérstakri áherslu á unga bændur og nýliðun
- Ný nálgun til að útrýma riðu í íslenskri sauðfjárrækt
- Frumvarp sem heimilar bændum aukna samvinnu við afurðasölu í meðförum þingsins
- Matvælasjóður styrkir nýsköpun í matvælaframleiðslu
- Aðgerðaáætlun um eflingu lífræns landbúnaðar
- Skógrækt og landgræðsla sameinaðar í nýrri öflugri stofnun



Stefnumótun um fiskeldi og sjávarútveg

- Löggjöf hert til að vernda náttúru og vistkerfi
- Aðhald með fyrirtækjum hert verulega og gjaldtaka aukin
- Lagt til að friða Eyjafjörð og Öxarfjörð fyrir sjókvíaelði
- Hvati til orkuskipta hjá smábátum
- *Auðlindin okkar* leggur áherslu á umhverfismál, gagnsæi á eignarhaldi, umbætur á atvinnu- og byggðakerfinu, strandveiðar festar í sessi og hækkun á veiðigjaldi
- Hafrannsóknastofnun og Matvælastofnun eflidar til að tryggja nauðsynlegt eftirlit og stórauka hafrannsóknir
- Nýtt hafrannsóknaskip smíðað, Þórunn Þórðardóttir



Hvað er mikilvægt að VG leggi áherslu á næstu misseri?

Svandís Svavarsdóttir

VG er hluti af alþjóðlegri hreyfingu sem berst fyrir félagslegu réttlæti, kvenfrelsi, mannréttindum, umhverfis- og náttúruvernd og ekki síst friðsamlegum lausnum. Slík hreyfing á sífellt brýnna erindi nú þegar nýjar ógnir steðja að vistkerfum heimsins, stríð geisa um allan heim, ógn steðjar að lýðræði víða um lönd, fjöldi fólks er á flóttu auk þess sem gervigreind og tæknilausnir færa okkur nýjar áskoranir. Á tímum skautunar og minnkandi umburðarlyndis er líka mikilvægt að standa vörð um lýðræðislega umræðu, menntun, sköpun, menningarstarf og óháða fjölmiðla.

Stjórnsmál snúast um kjark og skýra rödd en líka samstarf og málamiðlanir svo árangur náist til góðs fyrir samfélagið og náttúruna.


Grunnstoðir VG skipta miklu hér eftir sem hingað til en um leið þurfum við að uppfæra stefnu og áherslur í samræmi við áskoranir nýrrar aldar. Markaðshyggjan er oftast en ekki rót vandans og svarar ekki þessum áskorunum. Okkar verkefni er að halda kröfunni um félagslegt réttlæti, kvenfrelsi, umhverfisvernd og friðarhyggju hátt á lofti. Þar liggja svörin.

Mennta- og menningarmál

Hvað hefur gerst á sex árum?

Áhersla á velsæld barna og umgjörð menntamála styrkt

- Ný farsældarlög tryggja samþættingu þjónustu svo öll kerfi sem halda utan um börn vinni saman
- Mestu kerfisbreytingar sem gerðar hafa verið á stuðningskerfi barna í áratugi
- Nýtt fyrirkomulag námslána þar sem 30% námslána er breytt í styrk
- Ný miðstöð menntunar og skólaþjónustu fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla
- Fjölgun kennaranema með sérstöku átaki
- Rannsóknasjóðir efldir verulega sem sérstakt viðbragð í gegnum heimsfaraldur Covid-19



Vernd íslenskunnar og stuðningur við listir

- Íslenska í stafrænum heimi sett í algjöran forgang með máltækniáætlun og aukinni fjármögnun
- Fyrsta aðgerðaáætlunin um vernd íslenskrar tungu
- Málstefna og aðgerðaáætlun fyrir íslenskt táknmál lögð fram á þingi
- Hluti listamannalauna eyrnamerkur ungu listafólki
- Rannsóknasetur skapandi greina stofnað

Velferðar- og heilbrigðismál

Hvað hefur gerst á sex árum?

Nýr Landspítali, efling heilsugæslunnar og geðheilbrigðismálum forgangsraðað

- Nýtt sjúkrahótel, meðferðarkjarni og rannsóknarhús
- Uppbygging dag- og göngudeilda
- Heilsugæslan eflid sem fyrsti viðkomustaður
- Sálfræðingar í heilsugæslunni
- Ákvörðun um nýtt húsnæði fyrir geðsvið LSH
- Geðheilsuteymi um allt land

Kostnaður fólks lækkaður

- Markmiði VG um greiðsluþátttöku á pari við Norðurlöndin náð
- Tannlæknakostnaður eldra fólks og örorkulífeyrisþega lækkaður
- Gjaldfrjáls koma fyrir börn á heilsugæslu
- Nær þreföldun á styrkuppþæðum vegna almennra tannréttinga

Unnið að nýju kerfi örorkulífeyrisþega

- Heildarendurskoðun á örorkukerfinu í gangi
- Frítækjumark vegna atvinnutekna hækkað úr 110.000 kr. í 200.000 kr. eftir kyrrstöðu í 14 ár
- Dregið úr skerðingum og kerfinu breytt til að auka tekjur þeirra tekjulægstu
- Greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris lengt

Málefni eldra fólks og fatlaðs fólks tekin föstum tökum

- Heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk með verkefninu „Gott að eldast“
- Félagslegum viðbótarstuðningi eldra fólks komið á og frítækjumark atvinnutekna hækkað
- Fjölgun NPA-samninga og aukin fjárframlög til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk
- Fyrsta landsáætlunin um fatlað fólk lögð fram á Alþingi

Hvað er mikilvægt að VG leggi áherslu á næstu misseri?



Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Vinstri græn eiga að horfa til þess sem mestu máli skiptir varðandi velferð mannkyns, náttúru og umhverfis til framtíðar. Þar finnst mér að loftslagsmálin, mannréttindi og lýðræði skipti einna mestu máli.

Loftslagsmálin eru stærsta velferðarmál þessarar aldar vegna þess að ef heimsbyggðin missir tökin þar þá versna öll lífsskilyrði fólks um allan heim, átök og ófriður munu aukast og fleiri þurfa að hrekjast frá heimkynnum sínum.

Vinstri græn eiga að vera kyndilberi hverskyns mannréttinda, og til viðbótar við öfluga kvenfrelsis- og hinseginbaráttu eigum við að lyfta sérstaklega mannréttindum fatlaðs fólks og standa vörð um öll þau sem hallari fæti standa í samfélaginu.



Jósúa Gabriel Davíðsson

Það eru tvö málefni sem ég tel mikilvægt að Vinstri græn takist á við á næsta misseri. Þau eru í huga margra og verða áberandi í umræðunni framundan. Fyrsta er útlendingamál, sem er málefni sem flokkar hafa ekki tekist á við og það er vaxandi órói tengdur málefninu. Því er nauðsynlegt að Vinstri græn taki frumkvæði í umræðunni og þrói öfluga, skýra og mannúðlega stefnu í útlendingamálum.

Seinni þátturinn er staðan fyrir botni Miðjarðarhafs, og er framarlega í huga hjá kjósendum Vinstri grænna. Friðarhyggjuflokkur eins og Vinstri græn þurfa að taka sterka afstöðu, og við þurfum að vera fremst í umræðunni.



Kristín Sigfúsdóttir

Við okkur blasa mikilvæg verkefni. Þar eru aðstæður Grindvíkinga efst á lista. Hikum ekki við að taka lán eða ljúka sölu Íslandsbanka með vinnubrögðum sem sómi er að, til að fá fjármagn. Varðveitum Landsvirkjun, Landspítalann og Landsbankann í almannapágu.

Í heilbrigðiskerfinu þarf að sporna við einkavæðingu, gera skilyrði fyrir einkarekstri að kenna nemum og sinna öldrunarþjónustu, á heimilum fólks með samþættingu félagsþjónustu. Halda þarf áfram að bæta velferðarkerfið, koma á fót Mannréttindastofnun og löggilda samninginn um réttindi fatlaðra.

Standa þétt saman gegn óhóflegri vindmylluvæðingu og óskynsamlegum virkjanaframkvæmdum.



Ásrún Mjöll Stefánsdóttir

Áfram finnst mér að Vinstri græn eigi að hafa náttúru- og umhverfisverndarsjónarmið í forgrunni og leggja ríka áherslu á ábyrga umgengni um auðlindir þjóðarinnar í lofti, láði og legi. Náttúran á að njóta vafans og við eigum að leggja ríka áherslu á mikilvægi róttækra aðgerða til að takast á við loftlagsvána og ógnir við líffræðilegan fjölbreytileika. Ísland hefur alla burði til að vera leiðandi í loftlagsmálum og leggja aukna áherslu á sjálfbærni.

Þessum markmiðum verður ekki náð með góðu móti án þess að hlúa að þeim grunnstoðum sem við byggjum samfélag okkar á: jöfnuði, lýðræði og velferð allra.

Efnahags- og húsnæðismál



Hvað hefur gerst á sex árum?

Kerfisbreytingar til að jafna byrðarnar

- Þriggja þrepa skattkerfi tekið upp að nýju með lágtekjuprepi og fjármagnstekjuskattur hækkaður
- Einfaldara barnabótakerfi með hærri fjárhæðum sem nær til 10.000 fleiri foreldra
- Félagslegur húsnæðisstuðningur aukinn og húsnæðisbætur hækkaðar
- Ríkið stóraukið stuðning við framboð á húsnæði með stofnframlögum og uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis - þriðjungur nýbyggðra íbúða verið byggður með stuðningi ríkisins síðustu ár

- Fjárhæðir atvinnuleysisbóta hækkað um 60%
- Fæðingarorlof lengt úr níu mánuðum í 12
- Fyrsta langtímasýnin um framboð á húsnæði með samkomulagi ríkis og sveitarfélaga til tíu ára

Unnið gegn verðbólgu

- Verðlagshækkun krónutölgjalda takmörkuð við 3,5%
- Tekjuöflun aukin: hækkun fiskeldisgjalds, tekjuskatts á fyrirtæki og gjaldtaka í ferðaþjónustu
- Frestun framkvæmda og aðhald innan stjórnkerfisins
- Áhersla á samtal við aðila vinnumarkaðarins með breyttu þjóðhagsráði



Hverju hafa Vinstri græn áorkað þessi sex ár í ríkisstjórn?

Það er af mörgu að taka, til að mynda eru náttúru- og umhverfisverndarsjónarmið undirliggjandi í allri okkar vinnu sem sést bersýnilega á mörgum stórum verkum á síðasta kjörtímabili þegar við höldum utan um umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Þó við leiðum ekki í þeim málaflokki þá sjást okkar fingraför á því sem nær fram að ganga í þinginu, til dæmis við afgreiðslu þriðja áfanga rammaáætlunar á þessu kjörtímabili.

Hver eru brýnustu málin sem við stöndum frammi fyrir?

Að vinna bug á loftslagsvánni með öllum tiltækum aðgerðum. Þá er full þörf á því að afrugla umræðuna um meintan orkuskort og að það þurfi að ráðast í stórfellda orkuöflun til þess

að ná markmiðum í loftslagsmálum. Í því samhengi má nefna hringrásarlöggjöfina, sem samþykkt var á síðasta kjörtímabili og skiptir sköpum í því að draga úr loftslagsáhrifum frá úrgangi og koma honum aftur í hringrásina. Svo má ekki gleyma því góða starfi sem fer fram í matvælaráðuneytinu en ein af ástæðum þess að við sóttumst eftir því ráðuneyti var augljós tenging landbúnaðar og sjávarútvegs við loftslagsmál og vistkerfisnálgun við auðlindanýtingu.

Jöfnuður og félagslegt réttlæti eru eitt af okkar grunnstefjum í Vinstri grænum. Þar hefur náðst mikill árangur eftir að jafnréttismálin voru færð inn í forsætisráðuneytið sem gerir það að verkum að Katrín leiðir vinnuna í þessum viðkvæmu og mikilvægu málum sem snerta okkur öll. Sem dæmi má nefna lengingu fæðingarorlofsins og lög um kynrænt sjálfræði en einnig mikilvæga vinnu hvað varðar fátækt og virði kvennastarfa til grundvallar úrbótum í málaflokkum.


Orri Páll Jóhannsson

Umhverfismál

Hvað hefur gerst á sex árum?

Loftslagsmál strax tekin föstum tókum og hringrásarhagkerfinu komið á fót

- Sjálfstætt landsmarkmið um 55% samdrátt í losun
- Lögfesting markmiðs um kolefnishlutleysi
- Margföldun aðgerða í landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis
- Stofnun Loftslagsráðs
- Markvissari stuðningur við orkuskipti í samgöngum með hærri styrkjum fyrir ódýrari rafmagnsbíla
- Verkefninu „Loftslagsvænum landbúnaði“ komið á
- Hvatar fyrir atvinnugreinar til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og losun frá landi
- Flokkun úrgangs heimila og fyrirtækja orðin skylda og árangur í lífrænni flokkun framar vonum



Náttúruvernd í forgrunni

- Stórátak í fríðlýsingum með ríflega 30 fríðlýstum svæðum, m.a. Jökulsá á Fjöllum, Látrabjarg, Geysir, Goðafoss, Búrfellsgjá og Kerlingarfjöll og áfram haldið á þessu kjörtímabili
- Þjóðlendustefna reynist skýr leiðarvísir við ákvarðanir um samspil verndar víðerna og aðgengis fólks
- Bann við notkun svartolíu innan landhelgi Íslands
- Hafist handa við að uppfylla markmið um vernd 30% hafsvæða fyrir 2030

Vertu með
@vinstrigraen

